

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Snorra Mássyni kostnað vegna jafnréttismála og kynjafræði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur verið árlegur kostnaður ráðuneytisins frá árinu 2017 við þjónustu, ráðgjöf, stefnumótun og fræðslu sem útvistað hefur verið og tengist jafnréttismálum og kynjafræði? Svar óskast sundurliðað eftir viðtakendum greiðslna og tegund veittrar þjónustu.

Kostnaður ráðuneytisins við þjónustu, ráðgjöf, stefnumótun og fræðslu sem útvistað hefur verið og tengist jafnréttismálum og kynjafræði er ekki sundurgreindur með þeim hætti í bók-haldi ráðuneytisins sem fyrirspurnin gerir ráð fyrir.

Áætla má þennan kostnað með því að gera grein fyrir kostnaði sem fallið hefur til þegar ráðuneytið hefur greitt fyrir aðkeypta þjónustu og skýring á kostnaði í bókhaldber með sér að hann tengist jafnréttismálum og kynjafræði, t.d. með lykilordum á borð við „jafnrétti“, „equality“, „kyn“ og „gender“. Kostnaður er færður til bókar samkvæmt tegundalykli Fjár-sýslunnar, en þar er m.a. að finna sérstaka lykla fyrir aðkeypta þjónustu „sérfræðinga sem lokið hafa háskólaprófi eða sambærilegu langskólanámi og eru verktakar en ekki launþegar“. Í þeim tilvikum sem gerð er grein fyrir að aftan er um að ræða þjónustu sem færð hefur verið til bókar sem „önnur sérfræðiþjónusta“ (tegundir 54490 og 54491). Sundurliðun þessa kostnaðar er í meðfylgjandi töflu.

Ár	Viðtakandi greiðslu	Tegund veittrar þjónustu	Fjárhæð
2017	Ásdís Bjarnadóttir	Ráðgjöf	160.000
Samtals 2017			160.000
2018	Capacent ehf.	Erindi	150.000
2018	Háskóli Íslands	Ráðgjöf	1.290.323
Samtals 2018			1.440.323
2019	Capacent ehf.	Könnun	684.250
2019	Finnborg Salome Steinþórsdóttir	Erindi	50.000
Samtals 2019			734.250
2020	Ólöf ríka ehf.	Ráðgjöf	2.243.850
2020	Ríkiskaup	Ráðgjöf	398.797
2020	UN Women Ísland	Ráðgjöf	700.000
2020	Z. Chisiza	Ráðgjöf	2.602.283
2020	Alan Greig	Ráðgjöf	647.800
Samtals 2020			6.592.730
2021	Ásdís Ólafsdóttir	Ráðgjöf	600.000
2021	Háskóli Íslands	Ráðgjöf	820.000
2021	UN Women Ísland	Ráðgjöf	800.000
2021	Alan Greig	Ráðgjöf	762.780
Samtals 2021			2.982.780

2022	Ásdís Ólafsdóttir	Ráðgjöf	1.170.000
2022	Háskóli Íslands	Ráðgjöf	3.280.000
Samtals 2022			4.450.000
2023	Ásdís Ólafsdóttir	Ráðgjöf	422.270
2023	Equimundo: Center for Masculinities and Social Justice	Erindi	523.547
Samtals 2023			945.817
2024	Sítrus Studio ehf.	Hönnun og umbrot	231.000
2024	Völundur Óskarsson	Túlkun	21.000
Samtals 2024			252.000

Áætlað er að þrjár vinnustundir hafi farið í að útbúa þetta svar.